

SJÁLFSMATSSKÝRSLA VARMAHLÍÐARSKÓLA 2023

Trostan Agnarsson
VARMAHLÍÐASKÓLI Birkimel 2

1. Upplýsingar um nemendafjölda og bekkjardeildir

Við lok skólaárs voru nemendur 107 og var þeim skipt á eftirfarandi hátt: yngsta stig, miðstig og unglingastig. Á yngsta stigi er 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur á miðstigi og unglingastigið er 8.-10. bekkur. Samkenntla var í 1. og 2. bekk, að nokkru leyti 3. og 4. bekk og 5. og 6. bekk var einnig kennt sem hóp. Eldri bekkjum var að mestu kennt hverjum fyrir sig og blönduðust þó á ýmsa lund í valgreinum. Áfram var unnið að innleiðingu teymiskennslu öllum skólastigum.

31 nemandi nýtur sérkennslu, eða stuðnings af einhverju tagi, í flestum tilfellum inni í bekk. 7 nemendur skólans eru tvítyngdir (þ.e. annað foreldra er af erlendu bergi brotið) en flestir þeirra eru fæddir á Íslandi.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	3	2	5	Birgitta Sveinsdóttir
2.	8	5	13	Þyrey Hlífarsdóttir
3.	7	3	10	Sara Gísladóttir
4.	2	8	10	Ólafur Sindrason
5.	2	11	13	Sigfríður Halldórsdóttir
6.	3	7	10	Sigrún Benediktsdóttir
7.	8	5	13	Kristvina Gísladóttir (Helga Sigurðardóttir frá febrúar)
8.	4	5	9	Helga Sigurðardóttir
9.	7	5	12	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
10.	6	6	12	Hrund Malín Þorgeirsdóttir (Helga Rós Sigfúsdóttir frá febrúar)
Samtals	50	57	107	

2. Starfsmenn

Við skólann voru starfandi 36 starfsmenn á skólaárinu, auk þeirra er einn starfsmaður í leyfi. Stjórnendur voru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem einnig hefur umsjón með

stoðþjónustu. Lára Gunnðís Magnúsdóttir, aðstoðarskólustjóri lét af störfum á skólaárinu og við starfi hennar tók Kristvina Gísladóttir.

Kennarar með réttindi eru 15 að meðtöldum stjórnendum. Tveir leiðbeinendur voru í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 13,4 að vori.. Stuðningsfulltrúar voru lengst af fimm í 3,9 stöðugildum. Skólaliðar voru fimm í 4,2 stöðugildum. Iðjuþjálfari var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 50% starfi, bókavörður í 40% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,3 stöðugildum.

3. Sjálfsmat

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats Varmahlíðarskóli hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, How good is our school. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: Hversu góður er grunnskólinn okkar? Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem notaður er (sjá viðauka 1). Í sjálfsmatskerfinu Hversu góður er grunnskólinn okkar? byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu. 1. Forysta og stjórnun 2. Námskilyrði 3. Velgengni og árangur Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi: 1. Hvernig stöndum við okkur? 2. Hvernig vitum við það? 3. Hvað gerum við næst?

Á árinu voru eftirfarandi matsþættir teknir fyrir:

1.1 Umbótamiðað sjálfsmat

2.2 Skólanámskrá

2.3 Náms, kennsla og námsmat

2.4 Einstaklingsmiðun

2.5 Samstarfs heimila og skóla

2.6 Samfella í skólastarfi

Auk þess Upplýsinga og tæknimál- án númers

Einnig voru lagðar fyrir kannanir gegnum Skólapulúsin, en þar svöruðu bæði nemendur og starfsmenn.

Hér á eftir verður stuttlega farið yfir niðurstöður hvers þáttar og þær breytinga- eða umbótahugmyndir sem fram koma.

4. Samantekt matsþátta

Þau atriði sem tekin voru fyrir í ár sýndu flest það sama, en frá ólíkum hliðum. Áhugi er á skólaþróun af ýmsum toga. Áhugi á því að nýta tæknina meira og betur og fylgjast með þeim tækninýjungum sem yfir okkur flæða og hvernig við getum valið og hafnað og nýtt það sem best hentar hverju sinni.

Þegar fjallað er um nám, kennslu og námsmat er meginlínan sú að vel sé gert til þess að laga námsenið að hverjum og einum eftir því sem kostur er og farið er fram á í stefnu sem ýmist er kölluð menntun án aðgreiningar eða menntun fyrir alla. Bent er á að alltaf megi gera betur og er það vel. Einnig var fjallað um kosti þess að vinna í teymi þar sem hugmyndir fá að flæða á milli og gefst þá kostur á því að nýta hugmyndaauðgi margra og krafta og sanna þannig að margar hendur vinna létt verk.

Námsmat þróast stöðugt í átt að símati og að sama skapi minnkar vægi eiginlegra lokaprófa þótt þau hverfi ekki með öllu af dagskrá. Þá er og óskað eftir því að nemendur þjálfist fyrir og betur í jafningjamati eða því að segja kost og löst á því sem aðrir gera, en í því felst þjálfun fyrir alla sem í hlut eiga. Bæði að hlusta, skoða og athuga hvernig efnið er sett fram og svo er það líka æfing að taka ábendingum eða gagnrýni og nýta til þess að gera betur.

Í framhaldi af þessum æfingum má segja að leiðsagnarnám taki við. Þar fá nemendur leiðsögn jafnt og þétt, velta námsefninu fyrir sér frá öllum hliðum og gleðjast yfir því þegar hverju markmiðinu af öðru er náð. Þeir velta fyrir sér grundvallarmarkmiðum námsins, og finna út með kennurum sínum hvernig best sé fyrir þá að ná tilgreindum markmiðum.

Þá var og fjallað um samskipti og samstarf við heimilin. Það er talið fremur gott og farsælt eins og vera ber, en þó var talað um að það mætti vera meira. Talið var að heimilin mættu fá að taka meiri þátt í náminu og fá stærra hlutverk. Samráðsdagar, tölvupóstur með reglulegu millibili og bekkjarfundir, þegar og ef þörf krefur skila sínu en með vinnu frá báðum hliðum má gera tengslin meiri og auka flæði upplýsinga á milli heimilis og skóla.

Ekki má gleyma símenntunaráætlun, eða endurmenntunaráætlun. Í ljós kom að hún hefur ekki verið nægilega vel kynnt, eða er fólki ekki mjög ofarlega í huga. Óskað var eftir að hún yrði unnin í meiri sameiningu við starfsfólk svo að allir væru upplýstir um það sem á döfinni væri.

Segja má að finna megi samhljóma ósk um að unnið verði áfram að því að samræma aðgerðir, að samræma eftir því sem kostur er þær kennsluáferðir sem nýttar eru, tækninýtingu í kennslu, framsetningu verkefna sem og námsmat svo að það helsta sé nefnt svo að nemendur viti alltaf hvað bíður þeirra og hvernig unnið skuli. Með öðrum orðum að fá alla starfsmenn til þess að fylgja betur einni og sömu stefnu. Þó að Varmahlíðarskóli hafi gildi og stefnu sem byggð er á stefnu sveitarfélagsins er óskað eftir því að hún verði endurnýjuð og uppfærð svo að hún sé öllum ljós og hugsanlega verður hún skarpari ef öllum finnst sem þeir eigi hlut í endurnýjuninni.

Hér má sjá þróunaráætlun:

Varmahlíðarskóli

Þróunaráætlun

2023-2024

	<i>Yfirumsjón: Stjórnendur</i>	
--	------------------------------------	--

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Að gera símenntunaráætlun á hverju ári og fylgja henni eftir.	Stjórnendur í samvinnu við starfsfólk.	Að vori.	Skipulag og tíma.	Með gæðagreini.
Að halda fund með öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.	Stjórnendur og sjálfsmatsteymiþ	Haustið 2023	Skipulag og tíma.	Með gæðagreini.
Að nemendur verði virkari þátttakendur í eigin námi, m.a. með nemendastýrðum viðtölum, sjálfsmati og jafningjamati.	Kennarar og stuðningsaðilar.	Í stöðugri þróun	Jafningjafræðslu starfsmanna og samvinnu teyma.	Með gæðagreini.
Að útfæra og uppfæra stefnu Varmahlíðarskóla.	Allt starfsfólk	Vorið 2024	Samræður og vinnufundi í starfsmannahópnum.	Með gæðagreini.
Að taka í notkun verklagsreglur um skólasókn	Stjórnendur	Haustið 2023	Samræmt verklag í sveitarfélaginu.	Með gæðagreini
Að hafa reglulega fundi með bekkjarhópum og foreldrum.	Stjórnendur	Haustið 2023	Fastsetta dagskrá	Með gæðagreini

Að tryggja að faggreinakennarar hafi reglulega tækifæri til þess að funda um sína sérgrein	Stjórnendur og faggreinakennarar	Í stöðugri þróun	Fasta fundi.	Með gæðagreini
Að tryggja samstarf á milli stiga til þess að tryggja samfellu í námi.	Stjórnendur og kennarar.	Í stöðugri þróun	Fasta fundi.	Með gæðagreini og með bættum námsárangri
Stöðug endurskoðun markmiða og umræða um þau.	Kennarar	Í stöðugri þróun	Fasta fundi	Með gæðagreini ættu að sjást betri áætlanir og betri kennsla.
Bætt nýting sameiginlegra starfsdaga	Stjórnendur	Í þróun	Skipulag	Með gæðagreini
Að efla sjálfstraust nemenda og að hvetja þá til þess að sýna frumkvæði og að gefa þeim færi á því.	Allt starfsfólk	Í stöðugri þróun	Samhent átak	Með sjálfsmati og einnig ætti árangurinn að geta birst í daglegu lífi.
Að þjálfa nemendur snemma í jafningjamati.	Allir kennarar	Vorið 2024	Skipulag og æfingu.	Með gæðagreini.
Að samræma leiðir til þess að veita endurgjöf og til þess að leggja fyrir sjálfs- og jafningjamat.	Kennarar og stjórnendur	Haustið 2024	Jafningjafræðslu. Teymisvinnu.	Með gæðagreini.
Að veita kennurum stuðning til þess að þróa útikennslu	Stjórnendur	Maí 2024	Jákvæðni, skipulag og vilja.	Með gæðagreini
Að uppfæra skólanámskrá.	Stjórnendur og fá til liðs við sig alla hagsmunaaðila.	Í stöðugri þróun.	Tíma og skipulag.	Með gæðagreini.
Að efla náms- og kennsluaðferðir þannig að þær séu í takt við þarfir samfélags og atvinnulífs	Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn.	Í stöðugri þróun.	Teymiskennslu, þemavinnu og lausnamiðað nám.	Með gæðagreini og með bættum námsárangri.

fram tíðar. (Sköpun og gagnrýnin hugsun í forgrunni)				
Að móta skýra sýn um nýtingu tækninnar.	Allir	Vor 2024	Umræður og ákvarðanir um hvað er gagnlegt, hvað skilar árangri og hvað er þess virði að nota.	Með gæðagreini.
Þemavinna í nýtingu forrita	Kennarar	Árlegt	Vilja, áhuga og tæki.	Með gæðagreini
Að efla umræður og skoðanaskipti á milli nemenda	Kennarar	Árlegt	Að þjálfa rökræður og tjáningu í ræðu og riti.	Metið mánaðarlega á stigs- og kennarafundum
Að þjálfa markvisst samvinnu og samstarf nemenda í námi.	Kennarar	Árlegt	Að hafa kennsluhætti fjölbreytta og að hafa samvinnu innan námsgreina og þvert á greinar.	Metið mánaðarlega á stigs- og kennarafundum
Að gæta þess að öllum nemendum séu ljós markmið og viðmið um árangur, svo sem hæfniviðmið.	Kennarar	Árlegt	Að gera markmið sýnileg og myndræn. Að kenna vel á mentor. Að fara yfir hæfnikort með hverjum og einum.	Metið mánaðarlega á stigs- og kennarafundum
Að kenna nemendum að taka ábyrgð á eigin námi og setja sér raunhæf (mælanleg markmið) um námsframvindu.	Kennarar og heimili	Árlegt	Að auka samtöl um markmið í kennslustundum. Að búa nemendur undir að kynna markmið fyrir foreldrum á samráðsdegi.	Metið mánaðarlega á stigs- og kennarafundum. Einnig metið í skólapúlsinum.
Að yfirfara niðurstöður úr Skólapúlsi með starfsfólki	Stjórnendur	Árlegt	Að festa á fundaskipulagi	Metið með gæðagreini
Að yfirfara niðurstöður úr sjálfsmati og að fara yfir þróunaráætlun með starfsmannahópi	Stjórnendur	Árlegt	Að festa á fundaskipulagi	Metið með gæðagreini

5. Skólapúls

Starfsmannahluti

Eins og undanfarin ár var Skólapúlsinn nýttur til þess að gera kannanir á meðal starfsmanna og nemenda. Hér að neðan má sjá skýringar á því hvernig beri að túlka tölur, eða hversu mikil frávik sýni verulegar breytingar á matsþáttum.

Fjallað verður um þá þætti sem helst hafa breyst en aðrir lánir liggja á milli hluta og látið duga að geta séð þá í töflunni.

Í fyrsta kaflanum, um starfið hafa orðið óverulegar breytingar.

Í öðrum kafla, um starfsfólk má sjá að starfsmannaviðtöl voru umtalsvert færri en síðast (höfðu ekki enn farið fram).

Í þriðja kafla, um vinnustaðinn kemur fram að starfsandi sé lakari en æskilegt væri og hefur lítið þokast upp. Ánægja með vinnuaðstöðu er einnig undir meðallagi sem og stuðningur við nýsköpun. Einelti mælist sem fyrr. Svörunin er á þann veg að starfsfólk svara því til að hafa orðið fyrir einelti og séð það, áður hafði það eingöngu séð það.

Í fjórða kafla má sjá að valdeflandi forysta næsta yfirmanns er undir því sem æskilegt er og hefur dalað.

Í fimmta kafla, um kennarastarfið er upplýsingamiðlun til foreldra ekki talin nægjanleg, enda þótt hún hafi aukist. Áætlaður tími til heimavinnu er umtalsvert minni en landsmeðaltal segir til um. Einnig undirbúa færri kennarar sig í skólanum en landsmeðaltal segir til um. Þar kemur og fram að mun algengara er en almennt á landinu að öllum bekknum sé kennt í einu. Því er skiljanlegt að minna sé um einstaklingsmiðun, einstaklingsvinnu og hópavinnu. Þó hefur einstaklingsmiðun aukist frá síðustu mælingu sem og hópvinna. Þetta er í nokkru samræmi við Ytra mat frá 2021 en þar sagði að kennsluhættir væru fremur einsleitir.

Áherslur í námsmati hafa breyst. Minni áhersla á próf, þó enn yfir landsmeðalatali en meiri áhersla á símat og mælist skólinn þar yfir landsmeðaltali.

Í sjötta kafla, um starfsumhverfi kennara kemur fram að kennarar fá mjög góðan stuðning vegna nemenda með námsörðugleika, sem og vegna nemenda með hegðunarörðugleika. Mun meira samráð er haft um kennslu en áður en samvinna við kennslu er minni. Kennslan er því undirbúin í sameiningu en kennt í tvennu lagi.

Í sjöunda kafla er fjallað um símenntun. Fjöldi daga sem nýttur var til símenntunar undanfarið ár er meiri en undanfarið og einnig eru þeir enn allmargir sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarið ár.

Þessi síða sýnir yfirlit yfir þættina sem mældir eru í starfsmannakönnun Skólapúlsins. Til að sjá niðurstöður er smellt á nafn matsþáttar. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalnír (e. stanines). Staðalnír eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunaregla er munur uppá 0,5 stig á

staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Hægt er að raða gildunum eftir stærð með því að smella á viðkomandi dálkaheiti. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður. * Ef mæling skólans á tilteknum þætti er tölfraðilega marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöður allra skóla sem tóku þátt í könnuninni miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan titil mælingar með **feitletrun**.

1. Starfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>1.1. Vinnuálag</u>	4,5	32	0,4	4,7	1.702	-0,2
<u>1.2. Skýrleiki hlutverks</u>	4,8	32	0,1	4,7	1.699	0,1
<u>1.3. Ágreiningur um hlutverk</u>	5,0	32	0,2	5,0	1.698	0,0
<u>1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi</u>	4,5	32	-0,3	4,9	1.702	-0,4

2. Starfsfólk

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>2.1. Leikni í starfi</u>	4,6	33	-0,1	4,8	1.690	-0,2
<u>2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins</u>	4,6	33	0,2	5,0	1.687	-0,4
<u>2.3. Skörun vinnu og einkalífs</u>	4,8	33	0,4	5,0	1.688	-0,2
<u>2.4. Ræktun mannauðs</u>	4,7	29	-0,1	5,1	1.641	-0,4

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár</u>	53,6%	15/28	-22,3%	75,3%	1162/1544	-21,7%
<u>2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals</u>	100,0%	14	15,8%	88,5%	964/1089	11,5%

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>3.1. Starfsandi</u>	4,4	32	0,1	5,1	1.686	-0,7
<u>3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu</u>	3,9	29	-0,2	4,5	1.629	-0,6
<u>3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki</u>	4,9	31	0,3	5,1	1.677	-0,2
<u>3.4. Stuðningur við nýsköpun</u>	4,2	31	0,0	5,2	1.672	-1,0
<u>3.5. Mismunur</u>	4,4	31	-0,5	4,8	1.675	-0,4
<u>3.6. Einelti (bú)</u>	6,5%	2/31	6,5%	3,4%	56/1671	3,1%
<u>3.7. Einelti (annar en bú)</u>	9,7%	3/31	-4,6%	10,4%	172/1659	-0,7%
<u>3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)</u>	3,2%	1/31	-3,9%	4,5%	75/1659	-1,3%
<u>3.9. Kynferðisleg áreitni</u>	0%	0/31	-	0,5%	9/1677	-0,5%

4. Stjórnun

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni</u>	5,2	31	0,2	5,3	1.648	-0,1

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns</u>	5,5	31	0,7	5,2	1.646	0,3
<u>4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns</u>	4,5	31	-0,3	5,1	1.634	-0,6
<u>4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni</u>	5,2	29	-	5,0	642	0,2
<u>4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns</u>	5,4	29	-	5,0	641	0,4
<u>4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns</u>	4,6	29	-	5,0	637	-0,4

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>5.1. Ánægja með kennarastarfið</u>	4,6	11	-0,2	5,0	938	-0,4
<u>5.2. Trú kennara skólans á eigin getu</u>	4,8	11	-0,4	5,0	927	-0,2
<u>5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra</u>	4,4	10	0,4	4,9	779	-0,5
<u>5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku</u>	25,5 mín	10	-8,6 mín	35,4 mín	802	-9,9 mín
<u>5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum</u>	63,6%	7/11	2,1%	65,8%	624/949	-2,2%

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>5.6. Öllum bekknum kennt í einu</u>	90,0%	9/10	36,2%	50,4%	445/883	39,6%
<u>5.7. Hópavinna í bekk</u>	10,0%	1/10	2,3%	33,7%	286/848	-23,7%
<u>5.8. Einstaklingsvinna í bekk</u>	9,1%	1/11	-7,6%	31,0%	276/890	-21,9%
<u>5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla</u>	36,4%	4/11	9,1%	57,3%	520/907	-20,9%
<u>5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum</u>	10,0%	1/10	-20,0%	9,0%	77/852	1,0%
<u>5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum</u>	80,0%	8/10	-4,6%	77,9%	716/919	2,1%

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika</u>	6,4	10	0,5	5,3	843	1,1
<u>6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.</u>	7,0	9	0,9	5,2	836	1,8
<u>6.3. Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara</u>	5,0	10	0,8	5,2	928	-0,2
<u>6.4. Samráð um kennslu</u>	5,9	11	1,3	5,3	897	0,6

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>6.5. Samvinna um kennslu</u>	5,1	10	-0,2	5,7	809	-0,6

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár</u>	54,5%	6 _{/11}	27,2%	46,4%	422 _{/909}	8,1%
<u>7.2. Símenntunarþörf kennara</u>	6,1	11	1,4	6,4	911	-0,3
<u>7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)</u>	-	0	-	-	-	-
<u>7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.</u>	63,6%	7 _{/11}	0,0%	48,0%	441 _{/919}	15,6%

Nemendahluti:

Könnun var lögð fyrir nemendur og voru þar þrjú kaflar til skoðunar.

Sá fyrsti fjallaði um virkni nemenda og kom þar fram að litlar breytingar hafa orðið frá síðustu mælingu og engar tölfræðilega marktækar.

Í öðrum kafla var fjallað um líðan og heilsu. Þar kemur fram að sjálfsálit nemenda hefur stóraukist frá síðustu mælingu og er munurinn tölfræðilega marktækur. Einelti hefur minnkað og er einnig minna en á landsvísu. Þá kemur einnig fram að nemendur hreyfa sig mun meira en almennt á landinu.

Í þriðja kafla er skóla- og bekkjarandi tekinn fyrir. Þar kemur skýrt fram að agi í tímum er meiri en gengur og gerist á landinu og þá mælist leiðsagnarmat mun hærra en landsmeðaltal. Það verður þó að teljast hafa forspárgildi þar sem leiðsagnarmat er ekki notað enn sem komið er en telja verður líklegt að hér líti nemendur svo á að verið sé að leiðbeina þeim að því takmarki sem sett hefur verið og þá fái þeir reglulega endurgjöf.

Hér að neðan má sjá helstu tölur:

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>1.1. Ánægja af lestri</u>	4,7	53	-0,1	4,3	17.174	0,4
<u>1.2. Þrautseigja í námi</u>	4,6	55	-0,2	4,4	17.236	0,2
<u>1.3. Áhugi á stærðfræði</u>	4,9	55	0,2	4,7	17.502	0,2
<u>1.4. Ánægja af náttúrufræði</u>	4,6	55	0,6	4,4	17.490	0,2
<u>1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi</u>	4,4	55	-0,1	4,4	17.223	0,0
<u>1.6. Trú á eigin námsgetu</u>	4,7	55	-0,5	4,8	17.438	-0,1

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>2.1. Sjálfssálit</u>	4,8	55	0,7	4,2	17.149	0,6
<u>2.2. Stjórn á eigin lífi</u>	4,5	54	0,3	4,2	17.125	0,3
<u>2.3. Velliðan</u>	4,7	54	0,1	4,3	17.343	0,4
<u>2.4. Áhyggiur og stress - ástæður</u>	-	9	-	-	-	-
<u>2.5. Einelti</u>	5,0	54	-0,2	5,8	17.307	-0,8

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>2.6. Tíðni eineltis</u>	7,4%	4 _{/54}	-7,2%	15,2%	2702 _{/17248}	-7,9%
<u>2.7. Staðir eineltis</u>	-	4	-	-	-	-
<u>2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar</u>	57,4%	31 _{/54}	9,5%	44,6%	7565 _{/16850}	12,8%
<u>2.9. Holt mataræði</u>	4,2	53	0,0	4,6	17.019	-0,4

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<u>3.1. Samsömun við nemendahópinn</u>	5,0	53	0,3	4,7	16.984	0,3
<u>3.2. Samband nemenda við kennara</u>	4,8	53	0,0	4,7	17.199	0,2
<u>3.3. Agi í tímum</u>	6,0	53	-0,2	4,8	17.163	1,2
<u>3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum</u>	4,6	53	0,0	4,8	17.107	-0,2
<u>3.5. Tíðni leiðsagnarmats</u>	5,3	53	0,5	4,8	17.117	0,5

6. Niðurstöður úr skimun og sjálfsmatsáætlun

Að lokum eru hér birtar niðurstöður úr árlegri skimun starfsfólks. 26 starfsmenn svöruðu. Þar á eftir fylgir svo sjálfsmatsáætlun til þriggja ára.

Skóla ár	2022-2023	Þátttakerur	2023-2024	Þátttakerur	2024-2025	Þátttakerur
Haustönn						
september	2.4 Einstaklingsmiðun	Kennarar	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	Allir starfsmenn	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar/ Jafnréttisgæðagreinir	Allir starfsmenn
október	2.3 Nám, kennsla og námsmat	Kennarar	2.3 Nám kennsla og námsmat	Kennarar	2.3 Nám, kennsla og námsmat	Kennarar
október	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Nemendur 6. - 10. bekkja	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Nemendur 6. -10. bekkja	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Nemendur 6. -10. bekkja
nóvember	2.5 Samstarf heimila og skóla (breytt heiti)	Allir starfsmenn	1.2 Forysta í skólastarfi	Allir starfsmenn	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	Allir starfsmenn
desember	2.6 Samfella í skólastarfi	Allir starfsmenn	2.1 Nemendavernd	Allir starfsmenn	3.3 Sköpun og starfshæfni	Allir starfsmenn
nóvember	Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk	Nemendur 5.-10. bekkja	Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk	Nemendur 5.-10. bekkja	Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk	Nemendur 5.-10. bekkja
Vorönn						
janúar	2.2 Skólanámskrá	Kennarar	1.3 Breytingastjórnun	Allir starfsmenn	2.7 Samstarf	Allir starfsmenn
febrúar	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	Allir starfsmenn	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	Allir starfsmenn	Olweusargæðagreinir	Allir starfsmenn
febrúar			Skólapúlsinn foreldrar	Úrtak foreldra		

Sjálfsmatsskýrsla Varmahlíðarskóla vorið 2023

Skóla ár	2022-2023	Þátttakerur	2023-2024	Þátttakerur	2024-2025	Þátttakerur
mars	Skólapúlsinn starfsmenn	Allir starfsmenn			Skólapúlsinn starfsmenn	Allir starfsmenn
aprí	Upplýsinga- og tæknimál - gæðagreinar	Allir starfsmenn			Mötuneytisgæðagreinar	Allir starfsmenn
maí	Árleg skimun starfsfólks	Allir starfsmenn	Árleg skimun starfsfólks	Allir starfsmenn	Árleg skimun starfsfólks	Allir starfsmenn
júní	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatshópur	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatshópur	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatshópur